

Egilsstaðir, 15. maí 2018

**Mál:** nr. 485/2018

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um Ferðamálastofu, 485. mál.

Ferðapjónustuaðilar á Austurlandi vilja vekja athygli á eftirfarandi er varðar leyfisveitingar í frumvarpi til laga um ferðamálastofu.

Leyfisskil í starfsemi. Í lögunum kemur fram að Ferðamálastofa skuli áfram sinna hlutverki sínu við útgáfu leyfa í ferðapjónustu og eftirliti með leyfishöfum. Við teljum mjög mikilvægt að stofnunin einbeiti sér að þessu hlutverki sínu, sérstaklega á tímum eins og þessum, þegar ýmiss konar starfsemi felur í sér óábyrga ferðapjónustu og skattaundanskot sem skapar verulega skakkt samkeppnisumhverfi gagnvart þeim, sem hafa tilskilin leyfi. Viljum við nefna eftirfarandi í því samhengi:

- a. Aðilar sem starfa í gististarfsemi án leyfis.
- b. Aðilar sem starfa í gististarfsemi á grundvelli 90 daga reglunnar.

**a) Aðilar sem starfa í gististarfsemi án leyfis:** Afar brýnt er að átak sé gert í eftirliti með leyfislausum gistiaðilum. Löngu er ljóst að einungis 5-7 manns á vegum Sýslumannsembættisins í Reykjavík, ná ekki að sinna þessu eftirlitshlutverki um allt Ísland. Áriðandi er að eftirlitsaðili/aðilar séu staðsettir í nærumhverfi, þ.e. í hverjum fjórðungi landsins, til að kortleggja og koma böndum yfir ólöglega gistingu. Þökk sé bókunarsíðum eru allir, löglegir og ólöglegir aðilar skráðir þar inn. Bókunarsíðurnar jafngilda kortlagningu á þessum stöðum og því er hægt að flokka þá í þrjá eftirfarandi flokka: a) aðila með rekstrarleyfi, b) aðila með 90 daga leyfi, c) aðila með engin leyfi. Í framhaldi af því er hægt að ráðast í viðeigandi aðgerðir.

**b) Aðilar sem starfa í gististarfsemi á grundvelli 90 daga reglunnar:** Við viljum vekja athygli á því ábyrgðarleysi sem fylgir löggjöf um 90 daga gistiregluna. Ábyrgðarleysið felst m.a. í eftirfarandi:

- Skattgreiðslur (vsk og gistináttaskattur) skila sér ekki sem skyldi til ríkissjóðs.
- Útsvargreiðslur skila sér ekki sem skyldi til sveitarfélaga og ríkissjóðs, né fasteignagjöld. Ætla má að þetta séu verulegar upphæðir, sem lítill gaumur hefur verið gefinn að hingað til.
- Hún tryggir ekki að réttindi starfsfólks séu virt. Eftirlitsaðilar s.s. vinnueftirlit og stéttarfélag gera ekki árlegar úttektir á 90 daga gististöðum, líkt og stöðum með rekstrarleyfi.
- Hún tryggir ekki öryggi gistigesta. Slíkur afsláttur er t.d. gefinn á brunavörnum og reglum um hollustuhætti að ekki verður við unað. Þá er ekkert skipulagt eftirlit með þessum og öðrum nauðsynlegum öryggisþáttum.
- Hún skekkir samkeppnisstöðu. Leyfishafar geta aldrei boðið sömu lágu verð og aðilar innan 90 daga reglunnar. Athygli er vakin á að viðunandi gistinýting rekstrarleyfishafa víða á landsbyggðinni er eingöngu 90 dagar á ári. Þess vegna er 90 daga reglan orðin veruleg ógn við tilvist fjölmarga gististaða á landsbyggðinni og þar með atvinnulíf á viðkvæmari svæðum.
- Þess utan hefur 90 daga gistireglan skapað veruleg vandræði á húsnæðis- og leigumarkaði um allt land.

Eftirliti með rekstraraðilum er mikið og virkt, sem er gott. Eftirlit með gististöðum innan 90 daga reglunnar og ólöglegri gistingu er nánast ekkert og talið kostnaðarsamt. Til að auðvelda eftirlit, lækka kostnað og koma í veg fyrir skattaundanskot er nauðsynlegt að leggja 90 daga regluna niður og gera öllum gistipjónustuaðilum skylt að vera með rekstrarleyfi. Mikilvægt er að tryggja ábyrgt og samræmt lagaumhverfi sem stuðlar að sjálfbærri ferðapjónustu og skapar þjóðarbúinu hagsæld um ókomin ár.

Virðingarfyllst  
*Ferðaþjónustuaðilar á Austurlandi*

**701 Hótel, Fljótsdalshéraði**  
**Ferðaþjónustan Mjóeyri, Eskifirði**  
**Ferðaþjónustan Óseyri, Egilsstöðum**  
**Hótel Bláfell, Breiðdalsvík**  
**Hótel Hildibrand, Neskaupsstað**  
**Lake Hótel, Egilsstöðum**  
**Óbyggðasetur Íslands, Fljótsdal**  
**Tanni Travel, Eskifirði**